

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 25. júlí 2006
Tilvísun: UST20060700086/sf

Stækkun kjúklingabús matfugls ehf. og Brimgarða ehf. úr 24.000 stæðum í 84.000 stæði, Melavöllum á Kjalarnesi. Matsskylda.


Visað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 17. júlí sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000.

Ekki kemur fram í gögnum málsins að hvað miklu leyti verklagsreglur fyrirtækisins taka mið af góðum búskaparháttum hvað varðar geymslu og dreifingu á hæsnaskít. Einnig vantar upplýsingar um hvort núverandi starfsemi hafi gefið tilefni til kvartana vegna lyktarmengunar eða vandamála vegna foks á skít, fjöðrum eða spæni.

Í gögnum Matfugls og Brimgarða til Skipulagsstofnunar eru gefnar upp tölur um magn úrgangs og áburðarefna köfnunarefnis. Umhverfisstofnun fær ekki betur séð en að misræmis gæti milli þeirra talna og talna í riti útgefnu af Evrópusambandinu vegna tilskipunar um nítrat sem lögleidd hefur verið hér á landi (sjá meðfylgjandi gögn). Fyrirtækið gefur upp 438 kg N per 84.000 stæði, eða 0,005 kg N per stæði. Stofnunin telur að nauðsynlegt sé að fyrirtækið geri betur grein fyrir því köfnunarefni sem fellur til og hvað um það verður, þar sem það getur haft áhrif á umhverfisáhrif fyrirtækisins. Umhverfisstofnun kannaði fyrir sitt leyti hvernig viðmiðanir í góðum búskaparháttum varðandi varphænur féllu að viðmiðunum útgefnum af Evrópusambandinu. Viðmiðanir í góðum búskaparháttum eru 0,36 kg N / hænu á ári en í viðmiðunum Evrópusambandsins er gefið upp sviðið 0,35-0,8.

Umhverfisstofnun telur að framangreindar upplýsingar verði að liggja fyrir áður en stofnunin veitir álit um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst


Sigrún Friðriksdóttir


Gunnar Steinn Jónsson